**60. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar**
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 6. febrúar 2018**
**og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**
Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Kristín Hálfdánsdóttir aðalmaður, Jóna Símonía Bjarnadóttir varamaður og Gísli Elís Úlfarsson aðalmaður.

**Embættismenn:**
Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, upplýsingafulltrúi, Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, upplýsingafulltrúi.

**Dagskrá:**

1. **Gangstéttir 2018 - 2017090075**

   Lögð fram áætlun um viðhald gangstétta á árinu 2018.

   *Umhverfis- og framkvæmdanefnd samþykkir framlagða áætlun.*

2. **Vegvísar í þéttbýli - 2018020013**

   Umræður um vegvísa innanbæjar.

   *Rætt um nauðsyn á uppsetningu og uppfærslu vegvísa og skilta fyrir ferðamenn í Ísafjarðarbæ. Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur umhverfisfulltrúa að gera áætlun um framkvæmdir og leggja fyrir nefndina.*

3. **Sorpmál á Ísafjarðarhöfn. - 2018020016**

   Lagð fram minnisblað skipulags- og byggingarfulltrúa um sorp frá friðlandi Hornstranda.

   *Lagt fram til kynningar. Nefndin felur umhverfisfulltrúa að starfa með hafnarstjóra að úrbótum.*

4. **Úttekt frárennslislagna 2016 - 2016110066**

   Lögð fram fyrirspurn Kristínar Hálfdánsdóttur varðandi úttekt á holræsismálum Ísafjarðarbæjar.

   *Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur Brynjari Þór Jónassyni, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, að leggja skýrslu um úttekt fyrir næsta fund nefndarinnar. Einnig felur nefndin sviðsstjóra að skoða mögulega samnýtingu vegna fyrirhugaðrar lagningar háspennu- og hitaveitulagna meðfram Pollgötu.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:10**

| | |
|---|---|
| Nanný Arna Guðmundsdóttir | Kristín Hálfdánsdóttir |
| Jóna Símonía Bjarnadóttir | Gísli Elís Úlfarsson |
| Hálfdán Bjarki Hálfdánsson | Ralf Trylla |
| Brynjar Þór Jónasson | |